

Eiríkur Rögnvaldsson

ORÐMYNDUN

OG

ORÐMYNDUNARREGLUR

I

ÍSLENSKU

Reykjavík 1982

0. Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað lítillega um nokkra þætti íslenskrar orðmyndunarfræði á samtímalegum grunni. Reynt verður að færa rök að tveimur meginatriðum: Að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir samtímalegum orðmyndunarreglum, sem venjulegir íslenskir málnotendur hafi á valdi sínu; og að menn beiti þessum reglum á orð, sem þeir kunna, en ekki til að raða saman morfemum.

Í fyrsta kafla er fjallað um ýmsan vanda sem mætir þeim sem leggja vilja stund á orðmyndunarfræði, en þeir sem fást við hljóðkerfisfræði eða setningafræði eru lausir við; einkum þann vanda að mjög oft leikur vafi á hvort verið er að fást við samtímalegar reglur eða sögulegar. Í öðrum kafla er velt vöngum yfir því (út frá umfjöllun Aronoffs 1976) hvort morfemið sé merkingarbær eind, og komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki, a.m.k. ekki alltaf.

Í 3. - 5. kafla er síðan fjallað um sex íslenskar orðmyndunarreglur, í þeim tilgangi að færa rök að meginatriðunum tveim sem nefnd eru hér að framan. Þessar reglur eru ólíkar um margt, en virðast þó allar styðja þessi tvö atriði. Auk rökstuðnings fyrir þeim er velt upp ýmsum forvitnilegum hlutum í sambandi við reglurnar, án þess að þeir séu kannaðir til hlítar. 6. kafli er svo lokaorð.

1. Vandí orðmyndunarfræðinnar

Um íslenska orðmyndunarfræði hefur tiltölulega lítið verið skrifað á seinni árum, og það litla sem er nær allt sögulegt; samtímalegri orðmyndunarfræði hefur ekkert verið sinnt. Það er vel skiljanlegt að slíkt skyldi ekki vera gert áður fyrr, þegar verkefni málfræðinnar var talið vera að lýsa málinu eins og það væri (eða jafnvel ætti að vera, sbr. Höskuldur Þráinsson 1982:1); en ekki þeirri kunnáttu og sköpunarmætti sem hver einstaklingur byggir yfir. Þá litu menn svo á að orð yrðu til í eitt skipti fyrir öll. Þegar orð hafði verið búið til, þá var það til, nýir og nýir málnotendur lærðu það af öðrum, en þurftu ekki að búa það til sjálfir; og öll umfjöllun um það var málsaga.

En generatíf málfræði, sem hefur það að markmiði sínu að lýsa kunnáttu málnotenda, hefur líka vanrækt orðmyndunarfræðina; meira en aðrar greinar. Þar ber ýmislegt til. Orðmyndunarfræðin er á margan hátt mjög ólík setningafræði og hljóðkerfisfræði, sem generatífistar hafa hertekið. Það er auðvelt að sýna fram á að menn geta ekki hafa lært allar setningar sem þeir nota á hverjum degi, heldur hljóta þeir að búa þær til samkvæmt einhverjum reglum sem þeir kunna (sbr. t.d. Höskuldur Þráinsson 1982:90-92). Sama er að segja um hljóðkerfisfræðina; við getum borið fram orð sem við höfum aldrei heyrt, og gerum það á þann hátt að það virðist hljóta að byggjast á ákveðnum reglum (sbr. Höskuldur Þráinsson 1978:12-15, Hyman 1975:19-23).

Í flestum tilfellum er því tiltölulega auðvelt að skera úr um hvort við erum að fást við sögulegar breytingar eða samtímalega virkar reglur.

Í orðmyndunarfræðinni horfir málið öðruvísi við. Orðaforði málsins er endanlegur, og orðaforði einstaklinga mjög mismikill. Ekki verður hjá því komist að gera ráð fyrir að menn læri utanað mikinn fjölda orða og merkingar þeirra (sbr. Höskuldur Þráinsson 1982:91). Um það er ekki deilt. Hitt hefur menn greint á um, hvort þetta gilti um öll orð. Í sjálfu sér er alveg hægt að hugsa sér það; en á fyrri árum generatífrar málfræði tíðkaðist mjög að gera ráð fyrir að afleidd og samsett orð væru mynduð í hvert skipti sem þeirra væri þörf með virkum, samtímalegum reglum, en ekki geymd sem heild í orðasafni hugans. Grein Chomskys (1970) Remarks on Nominalization markaði upphaf afturhvarfs frá þessari stefnu (sjá líka Newmeyer 1980, 4. kafli); og seinustu ár virðast flestir hafa gert ráð fyrir því að afleidd og samsett orð séu yfirleitt geymd í orðasafninu eins og ósamsett orð.

Þetta þýðir þó ekki að við þurfum ekki á neinum samtímalegum orðmyndunarreglum að halda. Einhvern veginn eru samsett og afleidd orð mynduð í upphafi; það virðist gerast samkvæmt einhverjum reglum. Aðalvandinn í samtímalegri orðmyndunarfræði liggur hins vegar í því, að ekki er ljóst hvaða reglur eru virkar og hverjar ekki. Með virkar reglur er þá átt við þær reglur sem málnotendur geta beitt til að mynda ný orð þegar þeirra er þörf; og geta jafnframt gert mönnum kleift að greina niður og skilja orð sem

þeir hafa aldrei heyrt áður. Það er reyndar ekki ljóst hvort þetta tvennt hljóti alltaf að fara saman.

Sem dæmi um virkar reglur má taka þá sem myndar geranda (og tækis) nafnorð af sögnum með viðskeytinu -ari (Halldór Halldórsson 1969, Randa Mulford 1982); og þá sem myndar lýsingarorð með viðskeytinu -legur af nafnorðum. Við rekumst alltaf öðru hvoru á ný og ný orð, mynduð með þessum viðskeytum, og erum væntanlega ekki í neinum vandræðum með að búa sjálf til ný orð með þeim, ef á þarf að halda. Aftur á móti er regla sem myndar nafnorð með viðskeytinu -ull (jökull, böggull) væntanlega óvirk, svo og sú sem myndar byrjunarsagnir með -n- (vakna, sofna, brotna o.s.frv.). En vegna þess að menn læra yfirleitt orð þegar þeir hafa heyrt þau á annað borð er oft erfitt að segja hvort þeir hafa regluna sem myndar viðkomandi orð á valdi sínu; við vitum ekki nema þeir hafi lært orðin í heild ásamt merkingu þeirra, en séu ófærir um að beita reglunni sjálfir til að mynda ný orð á sama hátt.

Enn eitt sem vandræðum veldur er það sem kalla má "lærða" orðmyndun; þegar menn búa vitandi vits til ný orð með hliðsjón af öðrum sem fyrir eru í málinu, e.t.v. 1000 ára gömul. Vel má vera að á undanförunum árum hafi verið búin til nýyrði með viðskeytinu -ull, þó að ég muni ekki eftir því. Slík orðmyndun er allt annars eðlis er orðmyndun samkvæmt virkum reglum sem menn hafa á valdi sínu og geta beitt í daglegu tali. Oft er m.a.s. talað um "nýyrðasmiði", sem leggi sérstaka stund á að búa til ný orð; það eru þá oft menn sem búa yfir málsögulegri þekkingu,

sem gerir þeim kleift að mynda ný orð í samræmi við reglur sem hinn venjulegi málnotandi hefur ekki á valdi sínu - reglur sem hafa væntanlega einhvern tíma verið hluti af málkunnáttu almennings. Það greinir m.a. slíka "lærða" orðmyndun frá "virkri" orðmyndun, að menn þurfa - oft a. m.k. - að læra sérstaklega merkingu þeirra orða sem þannig eru mynduð; vegna þess að hún er ekki fyrirsegjanleg út frá reglum sem menn kunna. Þessi orð eru m.ö.o. ekki gagnsæ, þrátt fyrir að því sé oft haldið fram, eins og Bent Chr. Jacobsen benti á á málþingi Heimspekideildar vorið 1980. En vissulega er ekki alltaf auðvelt að greina þarna á milli.

Þetta er sem sé meginvandi samtímalegrar orðmyndunarfræði; ekki er hægt að afmarka reglur hennar á ótvíræðan hátt. Annar vandi snertir tengslin milli forms orða og merkingar þeirra; hvort hægt sé að tengja ákveðinn hluta orðs ákveðnum hluta af merkingu þess. Um þetta er fjallað í næsta kafla.

2. Er morfemið merkingarbær eind?

Því er oft haldið fram að orð séu sett saman úr smærri eindum, morfemum, sem hvert hafi sína ákveðnu merkingu. Merking orðsins í heild sé síðan summan af merkingu morfema þess. Þetta er a.m.k. kjarninn í morfemlíkani amerísku strúktúralistanna (Item and Arrangement, sjá t.d. Nida 1949); morfem eru skilgreind sem "the smallest mean-

ingful units in the utterances of a language" (Hockett 1958:123, sbr. líka Gleason 1961:53).

Þessari hugmynd um morfemið hefur þó nýlega verið mótmælt af Aronoff (1976:7-14), sem telur að orð séu ekki mynduð með samröðun morfema, heldur séu þau leidd af öðrum orðum (1976:21). Við fyrstu sýn gæti manni virst að þetta kæmi í sama stað niður og bent á orð eins og kenna+ari → kennari; skipa+un → skipun; hraust+leg → hraustleg, þar sem vel má hálða því fram að merking samsetningarinnar sé summa af merkingu hluta hennar. En svo er ekki alltaf. Skýr gagndæmi eru orð mynduð með viðskeytinu -ó í íslensku. Ef við tökum t.d. orðið strátó og segjum að það merki hið sama og strætisvagn, þá hefur stræt- væntanlega sömu merkingu í báðum tilvikum. En þá hlýtur -ó að bera afganginn af merkingu orðsins, þ.e. '(is)vagn'. Það finnst manni nú nokkuð grunsamlegt, en gæti þó staðist út frá því orði einu sér. Lítum þá á annað með sama viðskeyti: menntó. Það merkir sama og menntaskóli; og ef mennt(a)- merkir nú það sama í báðum tilvikum, hlýtur -ó að standa fyrir það sem á vantar; þ.e. 'skóli'. Þá erum við komin með tvær merkingar í -ó: 'vagn' og 'skóli'. Og þær eru miklu fleiri, sbr. Halló, Sigló o.s.frv. Viðskeytið -ó virðist því geta merkt nánast hvað sem er. En þá er orðið dálítið hæpið að segja að það sé "merkingarbær eining".

Önnur leið væri sú að segja að -ó merkti svo sem ekki neitt, væri bara viðskeyti til að sýna orðflokk eins og t.d. -un í skipun o.s.frv. Það kemur þó ekki betur út, því að þá verður stofninn, þ.e. það sem fer á undan -ó, að

bera alla merkingu orðanna. stræt- verður þá að merkja sama og strætisvagn, mennt- merkir sama og menntaskóli, Sigl- merkir sama og Siglufjörður, o.s.frv. Ennþá verra verður þetta þar sem við höfum samhljóða no. og lo. með -ó-viðskeyti; Halló 'Hallærisplan' og halló 'hallærislegur'. Ef við segjum að hall- hafi sömu merkingu í báðum tilvikum, getur -ó ýmist þýtt '-ærisplan' eða '-ærislegur'; sé -ó hins vegar talið merkingarlaust þýðir hall- ýmist 'Hallærisplan' eða 'hallærislegur'.

Allt þetta verður fremur óálitlegt, sé gert ráð fyrir að í þessum orðum sé bara raðað saman tveim morfemum, x+ó, hvoru um sig með ákveðna merkingu. Ef við gerum hins vegar ráð fyrir því að orðin með -ó-viðskeytinu séu mynduð af orðum með sérstökum reglum sem felli brott allt nema fyrsta atkvæði orðanna horfir málið öðruvísi við. Það er þá hið nýja orð í heild, sem ber heildarmerkingu grunnorðsins; henni er ekki skipt niður á hluta þess, þannig að fyrsta atkvæði grunnorðsins haldi sinni merkingu, en -ó yfirtaki merkingu þess hluta sem er felldur niður. En með því að aðhyllast þessa kenningu erum við búin að hafna því að morfemið sé "sign" í merkingu de Saussure (sbr. Aronoff 1976:14).

Hér á eftir verður litið á nokkrar orðmyndunarreglur í íslensku, sem eiga sér tvennt sameiginlegt: Þær eru virkar, þ.e. venjulegir málnotendur geta myndað með þeim ný orð; og gera verður ráð fyrir að þeim sé beitt á orð, en hlutverk þeirra sé ekki bara að raða saman morfemum sem hvert hafi sína ákveðnu merkingu. Þessar reglur eru:

- (1) Regla sem myndar nafnorð af staðanöfnum með endingunni -ing- (Reykvíkingur, Sauðkrækingur)
- (2) Regla sem myndar lýsingarorð af staðanöfnum með endingunni -sk- (reykvískur, hafnfirskur)
- (3) Regla sem myndar nafnorð af lýsingarorðum með endingunni -ó og brottfellingu (strætó, Halló)
- (4) Regla sem myndar lýsingarorð með -ó og brottfellingu af lo. sem enda á -legur (púkó, halló)
- (5) Regla sem myndar "stýfðan" boðhátt af "löngum" með brottfellingu -u (vert, kond)
- (6) Regla sem myndar nafnorð af sögnum með brottfellingu -a (klifur, grenj)

Þessar reglur verða teknar fyrir tvær og tvær saman og helstu einkenni þeirra skoðuð. Megináhersla verður lögð á að sýna fram á að reglurnar valdi breytingum á stofni orðanna, og m.a. af þeim sökum verði að gera ráð fyrir að þeim sé beitt á orð, en ekki einstök morfem.

3. -ing- og -sk-

Viðskeytin -ing- og -sk- eiga ýmislegt sameiginlegt sem réttlætir að þau séu tekin fyrir í einu, þótt annað myndi nafnorð, en hitt lýsingarorð. Þeim er skeytt við nokkurn veginn sömu orð, og þau valda að mestu leyti samskonar breytingum á stofni. Við skulum fyrst athuga -ing-.

Viðskeytið -ing- er notað á fjölmörg staðanöfn í íslensku, og við eigum yfirleitt auðvelt með að beita því á ný orð. Það hefur líka fasta merkingu, þannig að ef við heyrum nýtt orð sem hefur þetta viðskeyti vitum við strax

hvað það merkir; X+ingur merkir 'maður frá X, maður sem býr í X'. Þetta hvort tveggja bendir til að um virka reglu sé að ræða.

Það er þó ekki hægt að mynda slík orð af hvaða staðaheiti sem er. Þar sem no. sömu merkingar, en mynduð á annan hátt, eru fyrir í málinu, gengur ekki að nota -ing-: Við segjum Svíi, en ekki *Svíþjóðingur (eða *Svíþýðingur); Dani, en ekki *Danmerkingur; Norðmaður, en ekki *Noreg-ingur; Finni, en tæplega ?Finnlendingur. Við gætum hugsað okkur að þegar orðmyndunarreglu er beitt, þurfi að athuga hvort orð sömu merkingar, myndað af sama stofni, sé þegar til í orðasafni okkar; og ef svo er, þá sé hið nýja orð ekki viðurkennt, jafnvel þótt reglan sem myndar það sé að öðru leyti mjög virk. Hliðstæð dæmi má finna í öðrum málum (sbr. Aronoff 1976:43-45). Það er líka nokkuð augljóst að það hljóta að vera merkingarlegar ástæður (en ekki t.d. hljóðfræðilegar eða beygingarlegar) sem koma í veg fyrir að slík orð hljóti viðurkenningu. Það er a.m.k. erfitt að sjá hljóðfræðilegar eða beygingarlegar ástæður fyrir því að af England er hægt að mynda Englendingur, af Holland Hollendingur; en tæplega ?Finnlendingur af Finnland, og alls ekki *Rússlendingur af Rússland. Sjá annars um ýmsar hömlur á beitingu orðmyndunarreglna hjá Schindler (1972).

En þessi regla gerir fleira en skeyta -ing- við stofninum. Hún gerir líka ákveðnar kröfur til stofnsins, og breytir honum ef hann fullnægir ekki þeim kröfum þegar í upphafi. Meginreglan er sú að stofninn má ekki vera meira en tvíkvæður. Af Reykjavík, Hafnarfjörður, Súgandafjörður,

þriggja, fjögurra og fimm atkvæða nöfnum, fáum við ekki *Reykjavíkingur, *Hafnarfirðingur, *Súgandafirðingur, heldur Reykvíkingur, Hafnfirðingur, Súgfirðingur, öll með tvö atkvæði á undan -ing-. Og það er ekki sama hvaða atkvæðum er sleppt. Yfirleitt er ekki skorið aftan af orðinu, heldur innan úr því; við fáum ekki *Reykjaingur, *Hafnaringur, *Súgandingur o.s.frv.

Reglan um tvíkvæðan stofn er þó ekki algild. Við höfum orð eins og Ólafsfirðingur og Þistilfirðingur, þar sem þrjú atkvæði koma á undan -ing-; stofninn er sem sé ekkert skertur. Hvernig getur staðið á þessu; af hverju fáum við ekki *Ólfirðingur, *Þistfirðingur o.s.frv.? Ég veit það ekki; en helst dettur mér í hug að það standi í einhverju sambandi við skiptingu orðanna í morfem. Það sem fellt er brott virðist oftast vera sérstakt morfem; -(j)a- í Reykjavík, -ar- í Hafnarfjörður; og hvort sem það á nú rétt á sér að greina -anda- í Súgandafjörður sem sérstakt morfem, þá er a.m.k. ljóst að þetta hljóðasamband er mjög oft morfem (lýsingarháttar nútíðar). Þótt e.t.v. sé erfitt að segja að það hafi einhverja sérstaka merkingu í þessu tilviki má sennilega halda því fram að það sé ákveðin eind í formlegri uppbyggingu orðsins, og því morfem í skilningi Aronoffs (1976:13). En -afs- í Ólafs- og -il- í Þistil- geta ekki með nokkru móti talist sérstök morfem, heldur hluti rótarinnar.

Athugum nú orð eins og Jökuldælingur. Þar er stofninn þríkvæður og styttest ekki. Þó er -ul- þarna viðskeyti frá sögulegu sjónarmiði, og Anderson (1974:143,

1979:16) gerir ráð fyrir að það sé sérstakt morfem í baklægri gerð í nútímamáli. Raunar byggjast mikilvægustu röksemdir hans fyrir "staðbundinni röðun" (local ordering) hljóðkerfisreglna á því að svo sé; því að ef menn greina -ul- ekki sem sérstakt morfem, heldur jökul- sem eitt morfem, verður baklæg gerð þess að hafa /ö/ en ekki /a/ (þ.e. vera ~~#jökul-~~ en ekki ~~#jak+ul-~~ eins og Anderson heldur fram). Ef gert væri ráð fyrir aðeins einu morfemi, sem hefði /a/ í baklægri gerð (þ.e. ~~#jakul-~~) væri brotið það skilyrði Kiparskys (1973:67) að hljóðkerfisreglur mættu ekki verka þegar öllu umhverfi þeirra væri fullnægt innan eins og sama morfems. u-hljóðvarpi má því ekki beita á ~~#jakul-~~, því að þar er bæði hljóðið sem breytist og það sem breytingunni veldur innan eins morfems. Samt hefur þetta morfem ö í yfirborðsgerð; svo að ef regla Kiparskys er talin gild, verður að gera ráð fyrir að það hafi líka ö í baklægri gerð (sbr. Kiparsky 1973:18, sjá líka Eiríkur Rögnvaldsson 1981:43). En þar með er horfin sú mótsögn í regluröðun sem Anderson taldi styðja kenningu sína um staðbundna röðun (sjá nánar um þessi atriði og veitur í röksemdafærslu Andersons hjá Eiríki Rögnvaldssyni 1981:44-46). En svo að við komum aftur að efninu má hnykkja á því, að ef -ul- væri í raun og veru sérstakt morfem samtímalega séð, mætti búast við því að það félli niður þegar -ing- er bætt við, og við fengjum *Jökðælingur; en svo er ekki.

Athyglisverð eru líka dæmin Akureyringur og Akurnesingur. Hvers vegna fáum við þar þríkvæðan stofn? Við getum sagt að það sé vegna þess að ekki megi fella niður

hluta morfems, og Akur- sé bara eitt morfem. En nú er ekkert -u- í Akranes, og mætti virðast eðlilegast að bæta -ing- beint við það form; þá mætti fá tvíkvætt form með því að fella niður -a-, sem er sérstakt morfem, og við fengjum [¶]Akrnesingur. Það form er að vísu stírt í framburði, en slíkt virðist þó ekki þurfa að koma í veg fyrir brottfall innan úr orðum, sbr. Bílddælingur, Tálknfirðingur, þar sem upp koma erfiðir samhljóðaklasar.

Þetta má þó skýra með því að gera ráð fyrir virkri u-innskotsreglu í málinu, eins og oft er gert (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1981:36-42 og tilvísanir þar). Þá er gert ráð fyrir að í baklægri gerð höfum við ~~¶~~akr+nes+ing-~~¶~~, með brottfalli fleirtöllumorfemsins -a-, þannig að við fáum tvíkvæðan stofn. Við getum þá hugsað okkur að krafan um tvíkvæðan stofn miðist við baklæga gerð, en síðan sé u skotið inn í hljóðkerfishluta málfræðinnar.

Þessi orðmyndunarregla setur ekki bara skilyrði um ákveðinn atkvæðafjölda stofns; hún krefst líka ákveðinna hljóðbreytinga í stofninum. Með orðum sem enda á -fjörður krefst hún myndarinnar -firð-; Hafnfirðingur, Ólafsfirðingur o.s.frv. [¶]Hafnfjörðingur og [¶]Ólafsfjörðingur ættu allveg eins að geta gengið út frá hljóðfræðilegum og merkingarlegum forsendum, en koma ekki fyrir. Það má þó e.t.v. segja að þetta sé ekki svo merkilegt, því að myndin -firð- sé til í beygingunni. En slíku er ekki alltaf til að dreifa. Þar má taka dæmi eins og menntskælingur; æ kemur aldrei fyrir í beygingu orðsins skóli, en samt er [¶]menntskólingur útilokað. Eins og Hreinn Benediktsson hefur

bent á (1982:15), koma hér fram sams konar víxl og í hinu gamla i-hljóðvarpi. Það er löngu dautt sem algild hljóðkerfisregla; það sýna ótal dæmi þar sem hljóð sem i-hljóðvarpið verkaði á og breytti haldast á undan i í beygingu. En sams konar víxl varðveitast sums staðar í orðmyndun (sbr. páll - pæla, krúna - krýna, sjá Hreinn Benediktsson 1982:15). Á undan -ing- eru slík víxl skyldubundin; við fáum Sauðkrækingur, ekki ^{*}Sauðkrókingur, þótt æ komi þar hvergi fyrir í beygingu (en að vísu í skyldum orðum); líka Gamlgerðingur, Nýgerðingur, Selfyssingur, Hvolsvellingur, Íslendingur o.s.frv. Merkilegast af öllu er þó þegar við myndum slíkt nafnorð af Kópavogur. Það verður ekki ^{*}Kópvogingur; en ég hef heyrt myndina Kópvægingur, þótt hún sé líklega sjaldgæf. En nú er æ alls ekki í i-hljóðvarpsvíxlum við o. Hvernig á þá að skýra þetta?

"Skýringin" kemur ef haft er í huga, að vogur er komið úr vógur, sem aftur er komið úr vágur, sögulega séð; og æ stendur í i-hljóðvarpsvíxlum við bæði á og ó. Eigum við þá að segja að þarna sé baklægt /á/; við höfum myndina ~~#vágr#~~ í orðasafninu? Ég held að það sé óþarfi. i-hljóðvarpið er hvort eð er ekki virkt lengur sem hljóðkerfisregla; þess vegna er engin sérstök ástæða til að búast við að þau víxl sem kenna má við það í nútímamáli séu eins að því er tekur til baklægra hljóða og í fornmálinu. Þetta er þá orðið líkara hljóðskiptum. Að auki er ekki ólíklegt að myndin Kópvægingur sé dæmi um þá "lærðu" orðmyndun sem minnst var á í 1. kafla.

Þá er rétt að líta lauslega á viðskeytið -sk-, sem

á margt sameiginlegt með -ing-, eins og áður er sagt. Það veldur sams konar brottfalli úr stofni, og sams konar sérhljóðabreytingum í honum. Að vísu verða ýmis samhljóða-brottföll á undan -sk- en ekki á undan -ing-, s.s. brottfall k úr reykvískur, ð úr hafnfirskur, í ísfirskur o.s.frv.; en fara má rök að því að þar sé um hljóðkerfisleg atriði að ræða, þ.e. einföldun samhljóðaklása, sem komi orðmyndunarreglunni sjálfri ekki við. Mun -sk- og -ing- að þessu leyti megi sem sé rekja til þess að -sk- hefst á samhljóði, en -ing- á sérhljóði.

Sennilegt má telja að sömu ástæður séu fyrir því að stofnar sem enda á -s- taka ekki -sk-; við fáum ekki *árnesskur, *akurnesskur, né heldur *svisskur eða *rússkur. Aftur á móti er skotið inn í tvö síðarnefndu orðin -ne-, þannig að við fáum svissneskur og rússneskur. Þetta er ekki hægt að gera við íslensku staðaheitin, en leiða má getum að því að það stafi af því að sambandið -ne- kæmi þá tvisvar í röð í þeim orðum; *árneneskur og *akurneneskur eru ekki mjög aðlaðandi orð. Þetta þarf þó að kanna nánar áður en hægt er að setja fram einhverjar reglur.

Það sem vekur þó mesta athygli þegar -sk- og -ing- eru borin saman er að þau skuli valda sams konar sérhljóðabreytingum í stofni. Það sýnir að þótt þau víxl séu sams konar og hið gamla i-hljóðvarp olli er engin ástæða til að halda að i-ið í -ing- hafi nokkuð með þau víxl að gera, því að í -sk- er ekkert i. Víxlin virðast bara bundin þessum ákveðnu orðmyndunarreglum, en ekki á neinn hátt hljóðfræðilega skilyrt lengur.

Ef menn vildu þó halda í það að i skipti einhverju máli fyrir þessi víxl, mætti ímynda sér að orð eins og íslenskur, svarfdælskur væru ekki mynduð beint af Ísland og Svarfaðardalur, heldur væri fyrst beitt reglunni með -ing-, og við fengjum Íslendingur, Svarfdælingur, þar sem i ylli hljóðvarpi; og á þau orð væri síðan beitt reglunni með -sk-, sem fellði brott -ing- og setti -sk- í staðinn, en i-hljóðvarpið í stofninum héldist. Mér finnst þetta þó ekki fýsileg lausn. Bæði gerir það afleiðsluna flóknari en annars þyrfti að vera, og auk þess spáir það því að ekki geti verið til orðmyndun með -sk- nema samsvarandi orðmyndun með -ing- sé til. En það er ekki rétt, því að við höfum franskur, en ekki ^{*}Frakk(lend)ingur, senskur, en ekki ^{*}Sví(þjóð)ingur, bæheimskur, en ekki ^{*}Bæheimingur, kínverskur, en ekki ^{*}Kínverjingur, japanskur, en ekki ^{*}Japaningur; og svo mætti lengi telja. Ég held því að best sé að halda sig við það sem áður var sagt, að þessi sérhljóðavíxl séu hluti þessarar orðmyndunarreglu, en ekki hljóðfræðilega skilyrt á nokkurn hátt. Svo að öllu sé til skila haldið verður þó að benda á, að ég hef ekki fundið nein dæmi um slík sérhljóðavíxl á undan -sk- ef samsvarandi orð með -ing- er ekki til. Við fáum sem sé japanskur, albañskur og angólskur, en ekki ^{*}japenskur, ^{*}albenskur og ^{*}angælskur eins og e.t.v. hefði mátt búast við. En því má halda fram að þetta sé vegna þess að þetta séu orð af erlendum uppruna, og því verki reglan ekki á þau; enda fáum við ekki heldur sérhljóðavíxl þótt i fari á eftir, sbr. japani, albani, en ekki ^{*}japeni, ^{*}albeni.

Það er sem sagt ýmislegt óljóst um þessar reglur tvær, en grundvallaratriðin eiga þó að vera skýr; brottfall úr stofni og sérhljóðavíxl í honum. Að lokum skulum við reyna að setja upp formlegar orðmyndunarreglur:

$$(7) \left[\begin{array}{cccc} 1. & \text{atkv.} & - & X & - & X+1 \end{array} \right]_{no} + \text{ingur} \implies \left[\begin{array}{cccc} 1 & \emptyset & 3 & 4 \\ & & \text{[sérhlj.-} & \\ & & \text{víxl]} & \end{array} \right]$$

Skilyrði: X er sérstakt morfem (eitt eða fleiri)

Með þessu er ætlunin að sýna, að það sem fellur brott er ótiltekinn fjöldi atkvæða, X, svo framarlega sem það (þau) mynda sérstakt (sérstök) morfem. X+1 á að tákna að síðasta atkvæði stofnsins, þ.e. atkvæðið á eftir X, helst, eins og það fyrsta. Í því geta síðan orðið ákveðin sérhljóðavíxl. Reglan um -sk- yrði að mestu leyti eins, nema taka þarf fram að hún breyti um orðflokk:

$$(8) \left[\begin{array}{cccc} 1. & \text{atkv.} & - & X & - & X+1 \end{array} \right]_{no} + \text{sk} \implies \left[\begin{array}{cccc} 1 & \emptyset & 3 & 4 \\ & & \text{[sérhlj.-} & \text{]}_{lo} \\ & & \text{víxl]} & \end{array} \right]$$

Auðvelt er að finna galla á þessari framsetningu reglnanna, en þó held ég - ef sleppt er öllum vangaveltum um nákvæman formalisma - að þessar reglur gefi nokkurn veginn rétta lýsingu, og læt útrætt um viðskeytin -ing- og -sk-.

4. -ó-

Viðskeytið -ó er á ýmsan hátt sérstætt í íslensku. Það er ungt, líklega komið inn í málið upp úr miðri síðustu öld (sbr. Jones 1964), en hefur orðið mjög frjótt.

Merkilegt er að það er bæði notað til að mynda nafnorð og lýsingarorð, sem er sjaldgæft um viðskeyti; og stundum höfum við meira að segja sama formið sem hvort tveggja, eins og bent var á í 2. kafla. Halló getur bæði verið lo. og merkt 'hallærislegur' eða no. og merkt 'Hallærisplan'.

Í -ó-orðunum má finna rök, sem tengjast verkan hljóðkerfisreglna, fyrir því að slík orð séu mynduð af heilum orðum með brottfellingu, en ekki bara með samröðun morfema. Jones (1964:21) nefnir myndirnar ergjó, af ergilegur, og skringjó, af skringilegur. Oft er gert ráð fyrir að þarna sé baklægt uppgómmælt /g/, sem verði framgómmælt fyrir áhrif eftirfarandi frammælts /i/ (sbr. t.d. Ari Páll Kristinsson 1982). En í -ó-myndunum er ekkert frammælt sérhljóð, sem gæti valdið framgómun /g/. Til að skýra hana eru því tveir möguleikar: Annar er sá að segja að þarna sé baklægt framgómmælt lokhljóð, /ʒ/. Hins vegar væri hægt að segja að framgómunarreglan verkaði á undan orðmyndunarreglunni sem klippir aftan af orðinu og setur -ó í staðinn; þ.e. verkaði þegar i er enn til staðar. Það kann að virðast tortryggilegt að gera ráð fyrir að orðmyndunarregla verki á eftir hljóðkerfisreglu; en Anderson (1975) hefur þó fært rök að því að slíkt geti gerst, og sé raunar ekkert óeðlilegt. Við komum nánar að slíkum dæmum í 5. kafla.

Eins og komið hefur fram gerir -ó kröfu til styttingar stofnsins; hann verður alltaf að vera einkvæður. Yfirleitt er klippt aftan af stofnorðinu, þannig að aðeins fyrsta atkvæðið stendur eftir; halló, púkó, strátó, Kennó,

menntó, Sigló, Kefló o.s.frv. En þegar stofnorðið hefur forskeyti, er því stundum sleppt í stað þess að skera eingöngu aftan af orðinu; þannig verður Íþróttá(kennara)skóli að Þróttó (sbr. Jones 1964:20), en ekki *Íþró.

Það er ekki heldur nóg að segja að stofninn verði alltaf eitt atkvæði; ekki er sama hvar skorið er. Það virðist alltaf vera næst á undan öðru samhljóði stofnorðsins. Yfirleitt er það á morfemaskilum, þ.e. skilum rótar og endingar, eins og sjá má á þeim orðum sem tekin voru sem dæmi hér á undan; en svo þarf þó ekki að vera, eins og orð eins og samfó af samferða og Miðbó af Miðbæjarskóli sýna (sjá Jones 1964:22). E.t.v. má líta á þetta sem rök fyrir því að skipta atkvæðum í íslensku næst á undan sérhljóðum (sbr. Kristján Árnason 1980:34-35 o.v.).

Reynum nú að setja fram reglu sem myndar nafnorð af nafnorðum og lýsingarorð af lýsingarorðum með viðskeytinu -ó:

$$(9) \begin{matrix} \text{I}(\text{forsk.}) & - & \text{atkv.} & - & \text{XI} & + & \text{ó} & \implies & \text{I} \emptyset 2 \emptyset 4 & \\ 1 & & 2 & & 3 & & 4 & & \end{matrix} \text{XO}$$

xo á að tákna, að -ó-orðið lendir alltaf í sama orðflokki og orðið sem það er myndað af. En er ljóst að ein og sama reglan sé að verki í nafnorðum og lýsingarorðum; hagar hún sér eins í báðum orðfloknum? Ekki verður betur séð en hún geri það hvað varðar formleg atriði, sem (9) á að lýsa.

Hins vegar kemur fram munur þegar við berum saman á hvers konar stofnorð hægt er að beita reglunni. Í nafnorðum virðist ekki skipta máli hvað það er sem fellt er

niður; það getur verið mjög margvíslegt, eins og orð á við Kefló, Sigló, Halló og strætó sýna vel. En í lýsingarorðunum er þessu öðruvísi farið; ég held að -ó komi yfirleitt aðeins á orð sem enda á -legur. Við höfum dæmi eins og púkó, halló, ergjó, skringjó o.s.frv.; en ekki *gamló af gamall, *aldró af aldraður, *makó af makalaus, o.s.frv. Að vísu er til ein undantekning a.m.k.; samfó af samferða (sbr. Jones 1964:22). Við gætum hugsað okkur að þessi munur no. og lo. stafaði af merkingarlegum ástæðum; þ.e. merking fyrsta atkvæðis lo. sé miklu óljósari eða óræðari en merking fyrsta atkvæðis no.; sbr. það að mörg no. sem -ó-reglunni er beitt á eru staðahreiti þar sem tæpast getur leikið vafi á við hvað er átt. Þess vegna sé nauðsynlegra að -ó hafi einhverja fasta "merkingu", eða standi fyrir eitthvað ákveðið, í lo. en no. En þetta er orðið nokkuð laust í reipunum, svo að ég læt útrætt um -ó-regluna.

5. Stýfingar

En orð eru mynduð á fleiri vegu en með viðskeytum - stundum er hægt að beita eingöngu brottfellingu. Slík orðmyndun kemur þeim í bobba sem gera ráð fyrir að öll orðmyndun (og beyging) felist eingöngu í samröðun morfema; þeir neyðast til að grípa til vafasamra hluta eins og "frádráttarmorfema" (subtractive morphemes, sjá Nida 1949:75).

Hér verður litið á tvö íslensk dæmi um slíka orðmyndun. Annað er hinn svonefndi "stýfði" boðhátur, sem Oreš-

nik (1980a,b) hefur fjallað um. Það eru form eins og vert, farð, kond, takt, sem gera verður ráð fyrir að séu leidd af vertu, farðu, komdu, taktu með brottfellingu -u (sbr. Orešnik 1980a:305). Augljóst er að gera verður ráð fyrir að -ðu/-du/-tu séu í raun og veru myndir af þú, eða hafi a.m.k. merkinguna '2. pers. et.', því að ekki er hægt að nota boðhátt með þessum endingum + þú: *farðu þú, *komdu þú, *taktu þú er allt ómögulegt. En um leið og -u er fellt brott er eins og merkingin '2. pers. et.' hverfi úr boðhættinum, því að þá er hægt að nota þú með honum: farð þú, kond þú, takt þú er eðlilegt mál. Og það sem meira er: þessar -u-lausu myndir ganga ekki án þú, því að ekki er hægt að segja *farð burt, *kond hingað, *takt þetta (sbr. Orešnik 1980a:305). Aftur á móti er hægt að nota "stuttan" boðhátt: far, kom, tak, án þess að þú fylgi. Þetta virðist sýna að brottfall -u sé skilyrt af návist þú. E. t.v. getum við hugsað okkur -u-brottfallsregluna sem eins konar "yfirborðssíu" (surface filter, sjá um slík fyrirbæri t.d. Chomsky & Lasnik 1977), sem hafi það hlutverk að koma í veg fyrir að morfemið '2. pers. et.' komi fram á tveim stöðum í setningunni. Við yrðum þá að gera ráð fyrir að "langir" boðhættir (farðu, komdu, taktu) séu geymdir sem heild í orðasafninu og settir þannig inn í setningarhrísluna í djúpgerð; ef þú hefur svo líka verið sett inn í frumlagsbásinn verður yfirborðssífan að koma til skjalanna og fella brott -u.

Þetta er orðið nokkuð langsótt og lítt rökstutt, eins og margt sem sagt hefur verið hér að framan. Meginatriðið

er þó, að það hlýtur að verða að gera ráð fyrir að þarna sé á ferðum brottfallsregla, sem verkar á orð. Ef gert væri ráð fyrir að "stýfður" boðhátur sé myndaður af "stuttum" með viðskeyti, en ekki af "löngum" með brottfalli, er ákaflega erfitt að sjá ástæðuna fyrir slíkri viðbót. Þá er einnig óskýrt hvers vegna samhljóðið sem bætist við er hið sama og í "langa" boðhættinum, svo og það hvers vegna boðháturinn fer að krefjast þú ef þessu viðskeyti er bæt看 við.

Að lokum er rétt að setja fram tilraun til reglu um -u-brottfall úr boðhætti:

$$(10) \begin{matrix} \text{[stofn} & - & \text{ð} & - & \text{u]}_{\text{so}} & \implies & 1 & 2 & \emptyset & / & \text{---} & \text{þú} \\ & & 1 & & 2 & & & & 3 & & & \end{matrix}$$

Hér er gert ráð fyrir að baklæg mynd lokasamhljóðsins í stýfða boðhættinum sé alltaf /ð/, en hljóðkerfisreglur geti svo lagað það að undanfarandi samhljóði. Athugið að þessi regla er frábrugðin þeim sem áður hafa verið settar fram að því leyti að ákveðið umhverfi er tiltekið; það á að gefa til kynna að hér sé um að ræða e.k. "síu", sem e. t.v. er frekar setningafræðileg en orðmyndunarleg.

Hitt dæmið sem hér verður skoðað lítillega um orðmyndun með brottfalli er myndun nafnorða af sögnum með brottfalli -a. Slík orðmyndun hefur nýlega verið könnuð nokkuð með tilliti til bakstöðuklasa sem verða til við hana (sjá Helgi Bernóðsson 1978), en þeir eru margir sjaldgæfir eða koma jafnvel hvergi annars staðar fyrir. Þar má nefna orð eins og grenj, rangl, bölv, bööl o.fl.

En, eins og Kristján Árnason hefur bent á (1980:53-54, sjá líka Eiríkur Rögnvaldsson 1981:39), brýtur slík orðmyndun fleiri reglur en reglu um bakstöðuklasa. Þar er annars vegar um að ræða reglu um ü-innskot á milli samhljóðs og eftirfarandi r, ef r stendur í bakstöðu eða á undan samhljóði (sjá t.d. Anderson 1974:194):

$$(11) \emptyset \rightarrow u / C _ r \begin{cases} C \\ \# \end{cases}$$

Þessi regla á að breyta baklægum formum eins og ~~mað+r#~~, ~~lifr#~~, ~~van+r#~~ í maður, lifur, vanur. Ef þetta væri algild hljóðkerfisregla ættu orð eins og pukr, klifr, sötr ekki að geta komið fyrir. Reynt hefur verið að skýra tilvist þessara orða með því að bæta morfemaskilum inn í regluna, þannig að hún verki því aðeins að -r sé beygingarending (sbr. Orešnik 1972:9, Eiríkur Rögnvaldsson 1981:39); en þá skýrir hún ekki víxl eins og lifur - lifrin, því að þar er -r ekki ending, heldur hluti stofns.

Önnur regla sem orð eins og pukr og sötr brjóta er atkvæðaskiptingarregla sú sem Kristján Árnason (1980:42) gerir ráð fyrir í íslensku. Það sem hér skiptir máli er samspil þeirrar reglu og reglu Kristjáns (1980:51) um lengd sérhljóða. Samkvæmt síðarnefndu reglunni verða sérhljóð löng ef á eftir fer eitt (eða ekkert) samhljóð innan sama atkvæðis, en stutt annars. Samkvæmt þeirri fyrrnefndu eru atkvæðaskil dregin á eftir samhljóðaklasa, nema þar sem saman koma /p,t,k,s/ + /v,j,r/; þá eru atkvæðaskilin dregin þar á milli (sjá nánar Kristján Árnason 1980:

41-42 o.v.). Þannig yrðu atkvæðaskil á eftir samhljóða-
klasa í hestur (þar sem \$ táknar atkvæðaskil), en milli
samhljóðanna í pukra; og það leiddi aftur til þess að við
fáum stutt lel í hestur, en langt [Y:] í pukra. Þetta
líftur nokkuð vel út, þangað til við komum að orðum eins
og pukr. Það hefur langt [Y:], og því mætti búast við að
atkvæðaskilin væru milli samhljóðanna; en þá verður at-
kvæðaskiptingin pukr, þ.e. enginn sérhljóði í seinna at-
kvæðinu. Það virðast vera sterk rök gegn þessari atkvæða-
skiptingu (sbr. Kristján Árnason 1980:52).

Þessi form brjóta því a.m.k. þrjár reglur sem annars
gilda í málinu; og það m.a.s. reglur af þrem tegundum, þ.
e. hljóðskipunarreglu, hljóðkerfisreglu og atkvæðaskipt-
ingarreglu. (Kristján Árnason bendir raunar á (1980:54)
að þessar reglur eiga það sameiginlegt að þær "look very
much like syllable structure constraints".) Spurningin
er því hvort það þýði að við verðum að gefa þessar reglur
upp á bátinn að einhverju eða öllu leyti, eða viðurkenna
að þær eigi sér undantekningar. Kristján Árnason (1980:
53) vill halda í reglurnar og segir: "But the fact that
these forms are morphologically (derivationally) special
may act as an 'excuse' for them to go contrary to other-
wise valid phonological generalisations."

Þetta hljómar e.t.v. ekki illa; en það leysir samt
ekki það vandamál, að í lýsingu sérhverrar af fyrrnefndum
reglum verðum við að nefna sömu formin sem undantekningar.
Við yrðum sem sé að lýsa hverri reglu fyrir sig og bæta
svo við: "No. sem eru mynduð af so. með brottfalli -a eru

undantekning frá þessari reglu." Þar með liti það út sem algjör tilviljun að einmitt þessi form væru undantekningar frá öllum reglunum, en ekki bara einni þeirra eða tveimur. Hvernig á að leysa úr þessu?

Hugsanlegt svar við því er að gera ráð fyrir að reglan sem fellir brott -a verki á eftir hinum reglunum. Það er að vísu venja að gera ráð fyrir að orðmyndun fari fram í orðasafni, þ.e. áður en orðin eru sett inn í setninga-
hríslurnar; en Anderson (1975, sjá líka Aronoff 1976:78-79) nefnir dæmi sem hann telur sýna fram á að stundum verði að gera ráð fyrir að orðmyndunarreglur verki á eftir hljóðkerfisreglum. Lítum nú á hvernig slíkt gæti komið út með tilliti til afleiðslu þriggja no. af so.:

(12) Grunnform:	#klifra#	#pukra#	#grenja#
Atkvæðaskipting:	#klifr\$a#	#puk\$ra#	#grenj\$a#
Lengd:	- - -	#pu:k\$ra#	- - -
<u>u</u> -innskot	- - -	- - -	- - -
a-brottfall	[k ^h lɪvr]	[p ^h Y:kr]	[krenj]

Þar með höfum við fengið skýringu á því hvers vegna sömu formin brjóta margar (og margs konar) reglur málsins; það stafar af því að brottfallsreglan verkar á eftir hinum. Við gerum þá ráð fyrir að hljóðskipunarreglur "athugi" grunnformin, og það er ekkert við þau að athuga; þegar atkvæðaskiptingarreglan verkar er eitt sérhljóð hvoru megin við atkvæðaskilin í hverju orði; og u-innskotið hefur engin áhrif, því að sérhljóð kemur næst á eftir -Cr-, en hvorki samhljóð né orðaskil. Sérhver þessara reglna er því undan-

tekingalaus á því sviði málsins sem hún verkar; en hún getur ekkert að því gert þótt síðar í afleiðslunni komi aðrar reglur og búi til form sem á yfirborðinu virðast vera undantekningar frá fyrrnefndu reglunum. Það er mjög algengt í nútíma hljóðkerfisfræði að gera ráð fyrir slíkum aðstæðum (sbr. t.d. Kenstowicz & Kisseberth 1979, 8. kafli; þótt að vísu séu til þeir sem krefjast þess að "all rules express transparent surface generalizations" (Hooper 1976:13); sjá líka Eiríkur Rögnvaldsson 1981:44-48). Það er líka ljóst að sams konar "aðgerðir" og a-brottfallið eru til sem hljóðkerfisreglur, s.s. sérhljóðsbrottfall úr tvíkvæðum orðum þegar beygingarending hefst á sérhljóði (~~#hamar+i#~~ → hamri).

En það sem er erfiðast að kyngja í sambandi við röðun a-brottfallsins síðast í afleiðslunni í (12) er skilyrðing þess, og þó öllu fremur beygingarlegt hlutverk (morfólógísk fúnksjón); að það skuli hafa í för með sér breytingu á orðflokki. Ef við hugsum okkur setningar sem "hríslur", þar sem hver "kvistur" hefur sitt ákveðna heiti (no., so., lo., ao. o.s.frv.), og síðan "lesfærslureglur" (lexical insertion rules), sem taki orð úr orðasafninu og stingi inn í hríslurnar á viðeigandi stöðum (no. í no.-kvist, so. í so.-kvist o.s.frv.; sbr. t.d. Chomsky 1965); eru orð eins og klifr, pukr og grenj þá ennþá so. þegar þeim er stungið inn í hrísluna? Og ef þau eru ennþá sagnir, af hverju má þá stinga þeim inn í no.-kvisti? Yfirleitt er talið að ummyndanir geti ekki breytt nöfnum kvista ("do not change node labels", sbr. Wasow 1977:331). Það þýðir

að sömu kvistir eru í djúpgerð setninga (þegar orðin eru sett inn í hríslurnar) og koma fram í yfirborðsgerð. Ef klifr, pukr og grenj eru no. í yfirborðsgerð, verður því að setja þau inn í no.-kvist í djúpgerð. En hvernig er það hægt ef þau eru þá ennþá sagnir, og breytast fyrst í no. með a-brottfallinu, sem verkar mjög seint í afleiðslunni, skv. (12)?

Það er e.t.v. hugsanlegt að leysa þetta mál með því að aðskilja sjálfa orðmyndunina (þ.e. so. → no.) og þær formbreytingar orðanna sem hún hefur í för með sér (þ.e. brottfall -a). Við gætum þá hugsað okkur sérstaka "orðasafnsreglu" (lexical redundancy rule, sjá t.d. Jackendoff 1975; Wasow 1977) sem leiddi no. af so. og setja mætti upp eitthvað svipað (13):

$$(13) \begin{bmatrix} /x/ \\ \text{so.} \\ \vdots \end{bmatrix} \leftrightarrow \begin{bmatrix} /x + (-a)/ \\ \text{no.} \\ \vdots \end{bmatrix}$$

x stendur þá fyrir hljóðkerfislega (fónemíska) gerð einhvers sagnstofns, en + (-a) á að tákna að samsvarandi no. felli niður -a í bakstöðu. Punktalínurnar standa svo fyrir ýmsa beygingafræðilega, setningafræðilega og merkingarlega þætti, sem óþarft er að tiltaka hér. Nafnorðin eru þá fyrir hendi í orðasafninu sem no., og sett inn í no.-kvisti í setningahríslum; en hins vegar er gert ráð fyrir að sú formbreyting sem nauðsynleg er sé í sjálfu sér hljóðkerfisleg (fónólógísk) "aðgerð", og verði því síðar í afleiðslunni, þ.e. ekki fyrr en innan um aðrar "aðgerðir" af sama

tagi. Þetta er raunar svipað því sem Jackendoff (1975) virðist gera ráð fyrir; hann setur grunnform descicion upp sem /decɪd+ion/, og virðist svo vilja láta breytinguna d → s bíða þangað til í hljóðkerfishluta málfræðinnar. Einnig má benda á að Chomsky & Halle (1968:8) gera ráð fyrir að orð eins og communication sé táknað svona í hríslu: $[_N[_V+communicate+]_V+ion]_N$; þ.e. að stofn sagnarinnar haldi þar enn merkingum sínum sem sögn, en vegna þess að ytri hornklofarnir eru merktir sem no., er orðinu í heild stungið inn í no.-kvist í hríslunni. Samkvæmt þessu gæti þá t.d. pukr verið $[_no[_so+pukra+]_so(-a)]_no$ í orðasafninu; og ætti það að jafngilda nokkurn veginn því sem (13) á að segja. Við gætum svo e.t.v. hugsað okkur að einhvers konar "yfirborðssía" sæi um að -a félli brott í tæka tíð (sbr. (11)). Hér á undan (á bls. 26) var talað um brottfall -a sem orsök breytingar á orðflokki; með þessu erum við hins vegar að segja að það sé afleiðing.

Með þessu erum við í raun og veru að orða á dálítið annan hátt þar niðurstöður Andersons (1975) að beygingarlega skilyrtar reglur þurfi ekki endilega að verka á undan hljóðkerfisreglum, heldur geti þær verkað hverjar innan um aðrar. Við segjum að regla eins og a-brottfallið í (12) geti verkað innan um hljóðkerfisreglur af því að hún geri það sama og ýmsar hljóðkerfisreglur. Við erum sem sé að gefa til kynna að reglur hópi sig fremur eftir því sem þær gera en eftir skilyrðingum sínum. Þessi umorðun ætti að gera það auðveldara að fallast á niðurstöður Andersons (1975), svo og röðina í (12). Það er sem sé gert ráð fyrir

því að sjálf orðmyndunarreglan, sem leiðir no. af so., verki í orðasafninu; en hin hljóðkerfislega afleiðing hennar, -a-brottfallið, innan um hljóðkerfisreglurnar.

Hér skal ekki farið lengra út í þessa sálma, enda í raun og veru komið út í grundvallaratriði, þ.e. hvernig menn hugsi sér "heildarlíkan" málfræðinnar og samspil hinna ýmsu sviða þess.

6. Lokaorð

Í þessum athugunum hefur víða verið farið út á veikan ís, og margir endar skildir eftir ófestir. T.d. mætti spyrja hvernig sambandinu sé háttað milli orðmyndunarreglna eins og (7) - (10) og orðasafnsreglna eins og (13). Einnig mætti velta fyrir sér hvort orðmyndunarreglur verkuðu í hvert skipti sem orð sem þær mynda er notað, eða í eitt skipti fyrir öll; o.s.frv. Út í þetta verður ekki farið hér.

Markmið mitt var annars vegar að sýna fram á að gera yrði ráð fyrir samtímalegum orðmyndunarreglum, sem málnotendur kynnu og gætu beitt til að mynda ný orð; og hins vegar að þessum reglum væri beitt á orð, sem menn kynnu fyrir, en röðuðu ekki saman morfemum. Ég tel að allar þær reglur sem fjallað var um hér að framan sýni þetta tvennt, og það á að koma fram í umfjölluninni. En auk þess vona ég að þar sé að finna einhverjar athugasemdir og ábendingar, sem vísi á ýmis forvitnileg vandamál sem vert væri að athuga nánar.

Ritaskrá:

- Anderson, Stephen R. 1974. The Organization of Phonology. Academic Press, New York.
- _____. 1975. On the Interaction of Phonological Rules of Various Types. Journal of Linguistics 11:39-62.
- _____. 1979. On the Subsequent Development of the 'Standard Theory' in Phonology. Daniel A. Dinnsen (ritstj.): Current Approaches to Phonological Theory, bls. 2-30.
- Ari Páll Kristinsson. 1982. Hljóðkerfisgreining gómhljóða í íslensku. Óprentuð B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Aronoff, Mark. 1976. Word Formation in Generative Grammar. Linguistic Inquiry Monographs 1. The MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- Chomsky, Noam. 1965. Aspects of the Theory of Syntax. The MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- _____. 1970. Remarks on Nominalization. Roderick A. Jacobs & Peter S. Rosenbaum (ritstj.): Readings in the Philosophy of Language, bls. 119-136. Ginn and Company, Waltham, Massachusetts.
- Chomsky, Noam, & Morris Halle. 1968. The Sound Pattern of English. Harper & Row, New York.
- Chomsky, Noam, & Howard Lasnik. 1977. Filters and Control. Linguistic Inquiry 8:425-504.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1981. U-hljóðvarp og önnur a~ö víxl í nútímaíslensku. Íslenskt mál 3:25-58.
- Gleason, H.A. 1961. An Introduction to Descriptive Linguistics. Holt, Rinehart and Winston, London.
- Halldór Halldórsson. 1969. Nokkur erlend viðskeyti og frjósemi þeirra. Einarsbók. Afmæliskeðja til Einars Ól. Sveinssonar 12. desember 1969, bls. 71-108. Reykjavík.
- Helgi Bernóðsson. 1978. Breytileg hljóðskipun. Mímir 26: 10-15.
- Hockett, Charles F. 1958. A Course in Modern Linguistics. Macmillan Publishing Co., New York.
- Hooper, Joan B. 1976. An Introduction to Natural Generative Phonology. Academic Press, New York.

- Hreinn Benediktsson. 1982. Nordic Umlaut and Breaking: Thirty years of Research (1951-1980). Nordic Journal of Linguistics 5:1-60.
- Hyman, Larry M. 1975. Phonology: Theory and Analysis. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- Höskuldur Bráinsson. 1978. On the Phonology of Icelandic Preaspiration. Nordic Journal of Linguistics 1:3-54.
- _____. 1982. Setningafræði. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Fyrri hluti. Tilraunaútgáfa [fjölfölduðl. Reykjavík.
- Jackendoff, Ray. 1975. Morphological and Semantic Regularities in the Lexicon. Language 51:639-671.
- Jones, Oscar F. 1964. Icelandic Neologisms in -ó. Word 20:18-27.
- Kenstowicz, Michael, & Charles Kisseberth. 1979. Generative Phonology. Description and Theory. Academic Press, New York.
- Kiparsky, Paul. 1973. Phonological Representations. O. Fujimura (ritstj.): Three Dimensions of Linguistic Theory, bls. 1-136. TEC Co., Tokyo.
- Kristján Árnason. 1980. Quantity in Historical Phonology. Icelandic and Related Cases. Cambridge University Press, Cambridge.
- Mulford, Randa. 1982. Learning about -ari. Íslenskt mál 4.
- Newmeyer, Frederick J. 1980. Linguistic Theory in America. The First Quarter-Century of Transformational Generative Grammar. Academic Press, New York.
- Nida, Eugene A. 1949. Morphology. The Descriptive Analysis of Words. 2. útg. The University of Michigan Press, Ann Arbor.
- Orešnik, Janez. 1972. On the Epenthesis Rule in Modern Icelandic. Arkiv för nordisk filologi 87:1-32.
- _____. 1980a. On the Modern Icelandic Clipped Imperative. Even Hovdhaugen (ritstj.): The Nordic Languages and Modern Linguistics [4], bls. 305-314. Universitetsforlaget, Oslo.
- _____. 1980b. Um stýfðan boðhátt í íslensku. Skíma 3,3:7-9.

- Schindler, Jochem. 1972. Wortbildungsregeln. Wiener linguistische Gazette 1:39:52.
- Wasow, Thomas. 1977. Transformations and the Lexicon. Peter W. Culicover, Thomas Wasow & Adrian Akmajian (ritstj.): Formal Syntax, bls. 327-360. Academic Press, New York.